

ÁSKRIFTARSKILMÁLAR 365 MIÐLA EHF

Áskriftarskilmálar fyrir sjónvarpsstöðvar 365 MIÐLA EHF

Vinsamlegast kynntu þér vel eftirfarandi áskriftarskilmála fyrir sjónvarpsstöðvar 365. Sú vitneskja fyrirbyggir misskilning og stuðlar að greiðum og góðum samskiptum í framtíðinni. Hikaðu ekki við að hringja í síma 1817 ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi áskrift þína. Við veitum þér fúslega allar nánari upplýsingar.

Skilmálar þessir gilda til 1.mars 2016 fyrir viðskiptavinum sem keyptu fjarskiptabjónustu hjá 365 fyrir 1.febrúar 2016. Nýjir skilmálar taka gildi 1.mars 2016.

Útgáfa 15.09

1. Áskrift að sjónvarpsútsendingum 365 miðla ehf. kt. 480702-2390 (hér eftir: 365) veitir áskrifanda aðgang að þeim stöðvum 365 sem áskrifandi hefur greitt fyrir hverju sinni.
2. Áskriftin er einungis til heimils- og einkanota. Óheimilt er að dreifa áskriftinni með einhverjum þeim hætti að hún nýst á fleiri stöðum en á skráðum notkunarstað áskriftarbúnaðarins, sbr. [12.gr.](#) skilmála þessara, t.d. á milli heimila, vinnustaða o.s.frv., og eins er áskrifanda óheimilt að taka upp efni úr dagskrá nema til einkaafnota á skráðum notkunarstað áskriftarbúnaðarins.
3. Allir áskrifendur teljast meðlimir Vildarklúbbs Stöðvar 2 - Stöð2 Vild. Sem meðlimur í Vildarklúbb Stöðvar 2 fá áskrifendur aðgang að einum stærsta afsláttarklúbb landsins þar sem í hverjum mánuði bjóðast margvísleg spennandi tilboð. Áskrifendur sem vilja nýta sér þessa tilboðsþjónustu skrá kort sín sjálfir í klúbbinn inni á [www.stod2.is/vild](#). Afsláttarkjörin falla niður um leið og uppsögn tekur gildi. Vakin er athygli á að Stöð2 ber ekki ábyrgð á því ef viðskiptavinur fær ekki afslátt hjá samstarfsaðila vegna bilunar í posa eða villu í skráningu á korti. Hægt er að kynna sér tilboðin hverju sinni inni á [www.stod2.is/vild](#).
4. Almennur áskriftarsamningur framlengist sjálfkrafa um einn mánuð í senn uns honum er sagt upp. Samningum um áskriftarpakka er hins vegar ekki unnt að segja upp innan þriggja mánaða frá upphafi áskriftar, en eftir þann tíma gilda sömu reglur um uppsögn áskriftar. Uppsögn tekur gildi frá og með næstu mánaðarmótum frá móttöku uppsagnar. Kjósi áskrifandi að tilkynna uppsögn ber honum að tilkynna allar slíkar breytingar til 365, í síma 1817, með tölvupósti á netfangið askrift@365.is eða með öðrum skýrum hætti. Öll ábyrgð á að slíkar tilkynningar berist 365 á réttan hátt og á réttum tíma liggur hjá áskrifanda. Ítrekað er að einungis er hægt að beina slíkum tilkynningum til 365 en ekki til dreifingaraðila (Símans eða Vodafone), sbr. 9. gr. Skilmála þessara, né nokkurra annarra.
5. Áskriftargjald hvers mánaðar ber áskrifanda að greiða fyrirfram samkvæmt þeim verðskrárreglum sem eru í gildi á hverjum tíma hjá 365, því verðskrá getur tekið breytingum á samningstíma samanber 13. gr. þessara áskriftarskilmála. Gjaldlagi áskriftargjalds er fyrsti dagur hvers mánaðar.
6. Allar athugasemdir við útgafna reikninga og greiðsluseðla skulu gerðar án tafar og eigi síðar en 3. hvers mánaðar, ella telst reikningur og/eða greiðsluseðill samþykktur og verður þá ekki endurskoðaður sem slíkur nema að atvik réttlæti slíkt með ótvíræðum hætti.
7. Ef viðskiptavinur óskar eftir því að reikningur sé skuldfærður beint á greiðslukort er ekki gefinn út greiðsluseðill og 365 sendir kröfu rafrænt í heimabanka viðskiptavinar skv. verðskrá 365. Óski áskrifandi eftir því að fá sendan greiðsluseðil skal hann fara fram á það með skýrum hætti og velja þá jafnframt hvort óskað sé eftir rafrænum eða bréflægum greiðsluseðli. Hafa ber í huga að í þeim tilvikum er innheimt lágmarks seðilgjald og vakin er athygli á því að bréflæg greiðsluseðill er dýrasti kosturinn. Í beingreiðslum gerir áskrifandi ekki beint skriflegt samkomulag við 365 heldur við viðkomandi bankastofnun. Í boðgreiðslum er áskriftargjald tekið mánaðarlega út af því kreditkort sem áskrifandi gefur upp við kaupin. Vakin er athygli á að 365 ber enga ábyrgð á hverskyns samkomulagi áskrifanda við bankastofnanir um afgreiðslu boðgreiðslna áskriftargjalda og hvetur 365 áskrifanda til að skoða bankayfirlit sín vel þess efnis og þá sérstaklega eftir að áskrifandi hefur sagt upp áskrift sinni hjá 365. 365 virðir almenna skilmála um varðveislu kortanúmera frá færsluhirðingafyrirtækjum/kortaútgefendum.
8. 365 áskilur sér allan rétt til að breyta fyrirvaralaust auglýstri dagskrá miðla sinna og fjölda þeirra rása sem dagskráin er send út á hverju sinni og einnig allan rétt til að breyta fyrirvaralaust samsetningum og fjölda stöðva í hverjum áskriftarpakka, sbr. [13.gr.](#) samnings þessa.
9. Vakin er sérstök athygli á að ekki er hægt að breyta eða segja upp áskrift að efni 365 hjá neinum öðrum dreifingaraðila, þar sem slíkar óskir áskrifanda geta einungis beinst til 365 eins og kemur fram í áskriftarskilmálum þessum. Þegar myndlykli er skilað til dreifiveitu myndlykla öðrum en 365 verður að hafa samband við 365 og segja upp áskrift, þar sem áskrift er fyrirframgreidd. Einnig verður að hafa samband við 365 þegar áskrifandi skiptir um dreifiveitu.
10. Aukaáskriftargjald á aukamyndlykli er skv. verðskrá hverju sinni og greiðist sú upphæð til 365. Með aukaáskriftargjaldi er átt við þegar áskrift speglast á aukalykil, allar áskriftarstöðvar nema grunnáskrift. Aðal- og aukamyndlyklar verða báðir að vera staðsettir á heimili áskrifanda/greiðanda.
11. Áskrifendum gefst kostur á að streyma myndefni frá sjónvarpsstöðvum 365 til persónulegra nota í gegnum sjónvarp OZ. Áskrifendur sem vilja nýta sér þá lausn þurfa að sækja um aðgang inni á dreifikerfi OZ. 365 ábyrgist á engan hátt útsendinga og móttökuskilyrði OZ sjónvarpsins. Hverri Oz áskrift fylgir einn samtímastraumur en hægt er að setja upp aðgang í allt að fimm viðtæki (tölvur, spjaldtölvur, sjónvörp, síma) innan hvers heimilis. Áskrifandi ábyrgist að öll tækin séu í eigu áskrifanda eða nánustu fjölskyldumeðlima sem búa innan sama heimilis. Aðgangur og geymsla efnis í tölvuskýi er skv. verðskrá OZ hverju sinni.

- Brjóti áskrifandi gegn áskriftarskilmálum þessum, til dæmis, en takmarkast ekki við, að tilraun sé gerð til að komast hjá gjaldtöku á óheimilan hátt eða reynt er að koma gjaldskyldu yfir á óskyldan eða ógjaldfæran aðila, er 365 heimilt, án fyrirvara, að loka á áskrift og krefjast greiðslu sem 365 áætlar að af sanngirni bæti fyrir brot áskrifanda og eftir atvikum mun 365 kæra atferlið.
- 365 áskilur sér rétt til þess að breyta áskriftarskilmálum þessum, verðskrá ofl. Allar breytingar á skilmálum eru tilkynntar með skýrum hætti með a.m.k mánaðar fyrirvara á heimasíðu 365 og á útgefnum reikningum. Þar skal kynnt í hverju breytingarnar felast og eftir atvikum eru þar veittar upplýsingar um rétt áskrifanda til þess að segja upp gildandi áskriftarsamningi vegna breytinganna.
- Rísi ágreiningur um túlkun og skýringu á skilmálum þessum skal leitast við að ná sáttum með heiðarleika og sanngirni að leiðarljósi, en annars má reka mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Áskriftarskilmálar fyrir fjarskiptaþjónustu 365 MIÐLA EHF

Vinsamlegast kynntu þér vel eftirfarandi áskriftarskilmála fyrir fjarskiptaþjónustu 365. Sú vitneskja fyrirbyggir misskilning og stuðlar að greiðum og góðum samskiptum í framtíðinni. Hikaðu ekki við að hringja í síma 1817 ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi áskrift þína. Við veitum þér fúslega allar nánari upplýsingar.

I. Almennir fjarskiptaskilmálar

- Eftirfarandi skilmálar gilda fyrir alla fjarskiptaþjónustu sem 365 miðlar ehf. kt:480702-2390 (hér eftir 365) veitir. Sá sem óskar eftir fjarskiptaþjónustu 365 (áskrifandi) skuldbindur sig við undirritun eða staðfestingu samnings um fjarskiptaþjónustu til að hlíta þeim kjörum og skilmálum sem 365 setur um notkun þjónustunnar. Ef 365 hefur ekki gert athugasemdir við samninginn innan tveggja vikna frá því að aðgangur að þjónustunni var veittur, er kominn á bindandi þjónustusamningur. 365 áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum og þjónustum. 365 áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum þessum, verðskrá ofl. Allar breytingar á skilmálum eru tilkynntar með skýrum hætti með a.m.k mánaðar fyrirvara á heimasíðu 365 og á útgefnum reikningum. Mikilvægt er að áskrifandi skrái rétt netfang þar sem tilkynningar geta borist með tölvupósti.
- Þjónustukaupi ber ábyrgð á að leyfi húseiganda liggja fyrir vegna lagninga á strengjum sem og og öðrum símabúnaði í húsi og á lóð.
- Við undirritun samnings um símaþjónustu á þjónustukaupi rétt á að fá úthlutað símanúmeri nema ef um númeraflutning sé að ræða og þá heldur áskrifandi áður úthlutaðu númeri. Þurfi nauðsynlega að breyta símanúmeri áskrifanda áskilur 365 sér rétt til að gera það, en um leið leitast við að sem minnst óþægindi verði vegna þessa. Áskrifandi þarf að óska sérstaklega eftir númeraleynd, læsingum og annarri aukþjónustu sem í boði er.
- Venjulegur afgreiðslutími á þjónustubeiðnum og beiðnum um nýjar tengingar við fastlínukerfi, réttthafabreytingar, viðtökur númera og aðra þjónustuþætti, svo sem beiðnum um viðgerðir, er ekki lengri en 15 dagar frá því að beiðni er lögð fram, nema óviðráðanlegar aðstæður teji úrlausn mála.
- Ef áskrifandi vill framselja þjónustusamning sinn við 365 til þriðja aðila þarf að sækja um það skriflega. Ef ekkert er því til fyrirstöðu mun 365 samþykka framsalið, en áður verður áskrifandi að greiða öll gjöld vegna notkunar á þjónustu til þess dags sem framsalið var samþykkt ásamt kostnaði við réttthafabreytingu. 365 getur framselt réttindi og skyldur sínar, samkvæmt þjónustusamningi við áskrifanda, til þriðja aðila sem getur veitt sams konar fjarskiptaþjónustu.
- 365 ber ekki ábyrgð á því, þótt fjarskiptasamband rofni um stund. 365 mun þó ávallt leitast við að koma á fjarskiptasambandi að nýju og viðhalda gæðum þjónustunnar eftir fremsta megni. Tjón sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna eru ekki á ábyrgð 365.
- Þjónustukaupa er skylt að fara vel með allan búnað í eigu 365 sem hafður er til afnota. Tjón á búnaði 365 sem telst umfram eðlilegt slit er á ábyrgð þjónustukaupa svo og tjóni sem hann kann að valda á búnaði í eigu 365. Glati þjónustukaupi búnaði er honum skylt að greiða jafnvirði búnaðar.
- 365 áskilur sér rétt til að loka tímabundið eða synja notanda um fjarskiptaþjónustu vegna misnotkunar á búnaði eða þjónustu 365. Hið sama á einnig við ef veittar eru rangar upplýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á gerð og gildi þjónustusamnings milli áskrifanda og 365. Ef áskrifandi á sök á synjun á fjarskiptaþjónustu um stundarsakir verður hann að greiða áfram mánaðargjald til 365. Skylda þessi fellur niður ef annar hvor aðili segir þjónustusamningum upp.
- 365 áskilur sér rétt til að vinna úr gögnum um fjarskiptanotkun áskrifanda í því skyni að bjóða honum nýjar áskriftarleiðir, þjónustu eða önnur tilboð til hagsbóta fyrir hann.

- 365 áskilur sér rétt til þess að hafa samband við viðskiptavini sína í viðskiptalegum tilgangi, óháð skráningu þeirra í símaskrá. Viðskiptavinum er heimilt að afþakka slík samskipti af hálfu 365.
- 365 starfar eftir fjarskiptalögum og fer með upplýsingar og gögn um viðskiptavini eins og grein 42 segir til um í lögum nr. 81/2003.
- Heimilt er að synja aðila fyrir fram um reikningsviðskipti við 365 ef viðkomandi viðskiptavinur er skráður á vanskilaskrá 365 eða á almennum vanskilaskrá, ef gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá viðkomandi, hann misst forræði yfir búi sínu eða af sambærilegum ástæðum. 365 hefur heimild til að fara fram á að viðskiptavinur leggi fram tryggingu fyrir öllum gjöldum vegna notkunar á þjónustu 365. Sama gildir um hvers konar félög, fyrirtæki og samtök ef svo háttar til um forsvarsmenn viðkomandi félags, fyrirtækis eða samtaka.
- Viðskiptavinur veitir 365, með undirskrift eða staðfestingu á samningi um fjarskiptaþjónustu, umboð til að segja upp fjarskiptaþjónustu hjá öðrum þjónustuveitum.

II. Greiðsluskilmálar

- Gjald fyrir fjarskiptaþjónustu er skv. verðskrá 365 og eru aðgengilegar á öllum sölustöðum 365 og á vefsíðunni [365.is](#). Allar breytingar á áskriftargjöldum varðandi hækkanir á verðum mun 365 tilkynna áskrifendum með minnst eins mánaðar fyrirvara á heimasíðu [365.is](#) og á útgefnum reikningum. Áskrifendur sem ekki vilja hlíta þeim breytingum geta sagt upp samningnum sínum en stuðst við fyrri þjónustuskilmála á meðan uppsagnarfrestur líður.
- Áskrifandi skal greiða seðilgjald fyrir útskrift greiðsluseðla skv. verðskrá 365. Ef viðskiptavinur óskar eftir því að reikningur sé skuldfærður beint á greiðslukort er ekki gefinn út greiðsluseðill og 365 sendir kröfu rafrænt í heimabanka viðskiptavinar skv. verðskrá 365.
- Áskrifandi ber ábyrgð á greiðslum til 365 vegna notkunar sem á sér stað á þjónustu eða búnaði, óháð því hvort áskrifandi hafi heimilað notkunina. Ef áskrifandi glatar fjarskiptabúnaði ber honum að tilkynna 365 um það tafarlaust. Áskrifandi er ábyrgur fyrir allri notkun búnaðarins og þjónustu honum tengdum, þar til 365 hefur borist tilkynning þess efnis.
- Reikningstímabil fyrir notkun er frá fyrsta til síðasta dags hvers mánaðar. Reikningar eru sendir út með hæfilegum fyrirvara fyrir lok hvers mánaðar og eindagi þeirra er fyrsti dagur næsta mánaðar. Gjaldalagi reikninga er sá sami og eindagi. Sé reikningur greiddur eftir eindaga greiðir áskrifandi dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Auk þess sem gjald vegna innheimtuviðvörunnar leggst á kröfu. 365 er heimilt að synja áskrifanda um þjónustu mánuði eftir viðvörun um vanskil. Um gjald fyrir útskrift reikninga vísast til verðskrár 365.
- Heimilt er að loka fyrir talsímaþjónustu áskrifanda þegar liðnir eru 30 dagar frá gjalddaga skuldar án þess að hún hafi verið greidd, þó að undangenginni skriflegri aðvörun a.m.k. mánuði fyrir lokun. Fyrsta mánuð eftir lokun talsímaþjónustu skal vera opið fyrir innhringingu í áskrifanda og úthringingu í 112.
- Ef áskrifandi hefur athugasemdir við reikninga ber honum að láta vita um þær án tafar og eigi síðar en á eindaga reiknings. Að öðrum kosti telst reikningurinn samþykktur.
- Ef greiðsla fyrir fjarskiptaþjónustu hefur ekki borist innan sex mánaða frá gjalddaga áskilur félagið sér rétt til þess að eyða gögnum viðskiptavina. 365 áskilur sér einnig rétt til að eyða gögnum, t.a.m. aukaneftöngum, vegna þjónustu sem ekki er reikningsfært fyrir ef þjónustan hefur ekki verið notuð í 6 mánuði samfleytt.
- Breyting á áskriftarleiðum tekur gildi 1. næsta mánaðar. Aðeins er unnt að breyta um áskriftarleið einu sinni í hverjum mánuði.

III. Uppsögn

- Báðir aðilar geta sagt upp þjónustusamningi með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda. Áskrifanda ber að tilkynna uppsögn á áskrift sinni hjá 365 með bréfi þar sem fram kemur fullt nafn viðskiptavinar, réttihafa og kennitala. Hægt er að segja upp áskrift með tölvupósti frá skráðu netfangi réttihafa, sé netfang ekki skráð í kerfum 365 er ekki hægt að taka á móti uppsögn. Uppsögn miðast við upphaf nýs reikningstímabils, þann 1. hvers mánaðar.
- Áskrifendur á einstaklingsmarkaði eiga rétt á því að segja þjónustusamningi fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta þegar þeir fá tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á skilmálum sem er þeim í óhag.
- Við uppsögn á samningi ber áskrifanda að skila búnaði í eigu 365. 365 rúkkar mánaðarlega leigugjald samkvæmt gildandi verðskrá þar til búnaði hefur verið skilað. Ef áskrifandi getur ekki af einhverjum orsökum skilað búnaði er 365 heimilt að gjaldfæra áskrifanda um upphæð sem nemur verðmæti búnaðarins á þeim tíma sem hann var afhentur áskrifanda.
- Uppsögn tekur ekki gildi fyrr en endabúnaði hefur verið skilað og áskilur 365 sér rétt til að halda áfram gjalddöku fyrir þjónustuna fram að þeim tíma.
- 365 er heimilt að bjóða upp á samninga á fjarskiptaþjónustu, þar sem áskrifandi skuldbindur sig í allt að sex mánuði. Greiða þarf riftunargjald samkvæmt gildandi verðskrá sé samningi sagt upp áður en samningstíma lýkur. Ef áskrifandi segir upp samningi innan við þriggja mánaða frá virkjun þjónustu, áskilur 365 sér rétt til að krefja áskrifanda um uppsetningargjald samkvæmt verðskrá.

- 365 áskilur sér rétt til að segja upp þjónustu/símanúmeri viðskiptavinar séu vanskil komin 60 daga framyfir eindaga. Sú aðgerð telst riftun á samningi og felur í sér riftunargjald þar sem það á við og er riftunargjald samkvæmt verðskrá 365 hverju sinni, sem má nálgast á www.365.is.

IV. Önnur ákvæði

- Rísi upp ágreiningur um túlkun og skýringu á skilmálum þessum getur áskrifandi sent 365 kvörtun og eftir atvikum leitað til Póst og fjarskiptastofnunar.
- Áskrifandi er ábyrgur fyrir því að skilmálum þessum og lögum almennt sé fylgt. Um fjarskiptaþjónustu gilda lög um fjarskipti nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum. Brot á skilmálum og reglum getur valdið tafarlausri lokun á þjónustu.
- Áskrifandi veitir 365 með staðfestingu á samningi um fjarskiptaþjónustu umboð til að segja upp fjarskiptaþjónustu hjá öðrum þjónustuveitum.

V. Netþjónusta

- Áskrifendum að þjónustunni, sem og öðrum notendum hennar er skylt að hlíta þessum skilmálum. Að öðru leyti gilda almennir skilmálar um fjarskiptaþjónustu 365.
- 365 áskilur sér rétt til að flytja þjónustu áskrifenda af kerfi annarra þjónustuaðila yfir á eigið kerfi eða öfugt.
- 365 útvegar áskrifanda aðgang að netþjónustu sinni. Áskrifandi sem skráður er fyrir þjónustunni ber fulla ábyrgð á allri notkun henni tengdri. Skráningaraðili ber fulla ábyrgð á allri notkun henni tengdri.
- Notandi ber ábyrgð á búnaði í eigu 365 og er skylt að fara vel með hann. Öll uppsetning a hugbúnaði er a abyrgð viðskiptavinar. 365 ber ekki abyrgð a tjoni viðskiptavinar eða þriðja aðila sem hlotist getur af uppsetningu eða notkun. Notandi er bótaskyldur vegna skemmda á búnaði sem ekki stafar af eðlilegu sliti. Skili notandi búnaði í ónothæfu ástandi eða glati búnaði, áskilur 365 sér rétt að innheimta gjald sem nemur kostnaði við kaup á nýjum búnaði.
- Tjón vegna notkunar á nettengingu eða sambandsleysis er ekki á ábyrgð 365. 365 ber ekki ábyrgð á tjóni sem þriðji aðili veldur.
- Óheimilt er að skerða, trufla eða á nokkurn hátt hafa áhrif á þjónustu annarra viðskiptavina 365.
- 365 áskilur sér rétt til að loka tímabundið eða synja notanda um fjarskiptaþjónustu vegna misnotkunar á búnaði eða þjónustu 365.
- Viðskiptavin er óheimilt að hýsa efni sem brýtur í bága við íslensk lög á heimasvæði sínu eða láta slíkt efni liggja á lausu á vefsvæðum. Viðskiptavinir skulu virða almennar umgengnisreglur sem settar eru á Internetinu. Með internetþjónustu 365 getur viðskiptavinur fengið aðgang að erlendum efnisveitum og heimasíðum. Notkun á erlendum efnisveitum og heimasíðum er alltaf á ábyrgð viðskiptavinar og viðskiptavinurinn semur við erlendu efnisveituna og greiðir fyrir áskrift sína beint til hennar. 365 selur ekki slíkar áskriftir og eru þær 365 óviðkomandi.
- Hraði nettengingar er háður gæðum línu sem liggur til notanda, fjarlægð notanda frá símstöð eða götuskáp, álags á línu og öðrum þáttum. Getur 365 því ekki tryggt að nethraði notanda sé sá sami og áskrift hans segir til um.
- Uppsögn áskriftar tekur ekki gildi fyrr en endabúnaði hefur verið skilað** og áskilur 365 sér rétt til að halda áfram gjaldtöku fyrir þjónustuna fram að þeim tíma.
- Brot á ofangreindum skilmálum getur valdið tafarlausri lokun á þjónustu.

VI. GSM þjónusta

- Áskrifendum að þjónustunni, sem og öðrum notendum hennar er skylt að hlíta þessum skilmálum. Að öðru leyti gilda almennir skilmálar um fjarskiptaþjónustu 365.
- Eftirfarandi skilmálar gilda milli rétthafa símanúmers og 365 um farsímaþjónustu 365 sem veitt er á GSM kerfi 365, með reikisamningum við Símann. Aðeins lögráða einstaklingur getur verið rétthafi að símanúmerum hjá 365. Rétthafi ber alla ábyrgð á notkun númersins. Rétthafi getur skráð annan aðila sem notanda þjónustunnar. Slík skráning felur ekki í sér framsal á réttindum og skyldum samkvæmt samningnum. Rétthafi og notandi eru einu nafni nefndir viðskiptavinur, hvort sem um einn eða tvo aðila er að ræða.
- Þegar samningurinn er gerður og skráning fer fram ber viðskiptavininum, hvort sem um er að ræða einstakling eða fyrirtæki, að gefa upp réttar upplýsingar um kennitölu, nafn, heimilisfang og greiðslumáta. Jafnframt er það forsenda samningsins að viðskiptavinir gefi upp virkt netfang. Sé notandi annar en rétthafi er ávallt mælt með því að netfangið sem gefið er upp við skráningu sé netfang rétthafa þar sem mikilvægar upplýsingar og tilkynningar um þjónustuna eru sendar á uppgefið netfang. Sé þessum tilmælum ekki fylgt er það alfarið á ábyrgð rétthafa.
- Verði breytingar á heimilisfangi, netfangi, greiðslumáta eða öðrum högum viðskiptavinar sem óskað var eftir í skráningu ber honum að tilkynna 365 um þær strax með skriflegri tilkynningu eða breyta upplýsingunum sjálfur eins fljótt og auðið er á mínum síðum 365.is.

5. 365 getur við frágang samningsins eða síðar gert mat á lánshæfi réttthafa með upplýsingum frá óháðum aðilum og á þeim forsendum hafnað eða sagt upp viðskiptum ef ótryggt þykir að réttthafi geti staðið undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem samningurinn felur í sér.
6. Sé farsímaþjónustu á vegum 365 óskað skal sækja um það með skriflegum hætti á afgreiðslustöðum 365 eða með rafrænum hætti á vefsíðu 365, www.365.is. Við skráningu í þjónustuna skuldbindur réttthafi sig til að hlíta þeim almennu kjörum og skilmálum um farsímaþjónustu sem 365 setur sem og almennum skilmálum sem gilda um fjarskiptaþjónustu á vegum 365 á hverjum tíma. Í skriflegri staðfestingu sem send er með tölvupósti í kjölfar skráningar á uppgefið netfang, eða í sérstökum skriflegum samningi, kemur fram hvað samningurinn felur í sér. 365 mun tilkynna réttthafa með hæfilegum fyrirvara um breytingar á skilmálum og öðrum þjónustupáttum.
7. Við val á GSM skráningu þarf að velja milli tveggja þjónustuleiða, annars vegar Áskriftar og hins vegar Frelsis. Við skráningu er jafnframt hægt að sækja um nýtt símanúmer eða láta flytja símanúmer sem þegar er í notkun hjá öðrum þjónustuveitanda yfir til 365. Sé um númeraflutning að ræða þarf réttthafi símanúmersins hjá fyrrum þjónustuaðila einnig að vera skráður fyrir númerinu hjá 365 en getur þó verið hvort sem er, notandi eða réttthafi, séu það tveir mismunandi aðilar hjá 365.
8. Í kjölfar skráningar fær viðskiptavinur úthlutað simkorti frá 365 ýmist með sama símanúmeri og viðskiptavinur notaði áður og sótti um flutning á til 365 eða með nýju símanúmeri hjá 365. Til þess getur komið að 365 þurfi nauðsynlega að breyta númerinu en mun þá leitast við að sem minnst óþægindi verði vegna þess.
9. Simkortið er sent heim á lögheimili viðskiptavina í pósti eða sótt á sölustaði 365 og því er áriðandi að upplýsingar um nafn og heimilisfang sem gefnar eru upp við skráningu séu þær sömu og fram koma á póstkassa, að öðrum kosti gæti simkortið ekki borist til viðskiptavina. PIN og PUK númer simkortsins fylgja ekki með póstsendingu simkortsins til að koma í veg fyrir misnotkun á kortinu. Þess í stað eru PIN og PUK númerin send viðskiptavininum með tölvupósti. Viðskiptavinum ber að gæta þess að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir þessi númer.
10. Ef símkort glatast er mikilvægt að tilkynna 365 um það strax. Öll notkun, hvort sem hún er framkvæmd með samþykki eður ei, er á ábyrgð réttthafa þar til tilkynning um glatað símkort hefur borist 365. Hægt er að fá nýtt símkort gegn gjaldi s.kv. verðskrá 365 ef það glatast eða skemmist.
11. Notkun innanlands gjaldfærast að jafnaði eftir 1 klst. en getur dregist í allt að 2 sólarhringa þar sem ekki er um rauntímamælingu að ræða.
12. 365 hefur ekki eftirlit með eða ber ábyrgð á innihaldi efnis á forni SMS og MMS skilaboða, GPRS gagnasendinga, gagnaflytninga eða sendinga af öðru tagi né heldur ber 365 ábyrgð á innihaldi efnis sem viðskiptavinir kunna að versla af þriðja aðila. Á þetta við um símtöl í 900 númer og önnur gjaldtökunúmer eða þátttöku viðskiptavina í leikjum, getraunum eða annarri sambærilegri GSM símaþjónustu. Gjaldfærsla vegna notkunar af þessu tagi tekur mið af gjaldi viðkomandi þjónustuveitu.
13. Viðskiptavinir 365 geta bæði hringt í erlend símanúmer og hringt í útlöndum [s.br.](http://www.365.is) reikisamninga 365 án þess að gera sérstakan samning þar að lútandi. Gjaldfærsla vegna útlöndanotkunar berst að jafnaði 1-2 dögum eftir notkun en getur dregist í allt að 20 daga þar sem slík gjaldfærsla er alfarið háð upplýsingagjöf erlendra símafyrirtækja. Rukkað er fyrir erlenda simnotkun samkvæmt gildandi verðskrá 365.
14. Yfirlit yfir notkun má nálgast á mínum síðum, eigin síðum viðskiptavina á vefsíðu 365, www.365.is. Viðskiptavinum ber að fylgjast með að upplýsingar um notkun þjónustunnar séu réttar og láta 365 vita án tafar ef svo er ekki. 365 ber ekki ábyrgð á því ef upplýsingar um notkun berast seint og illa og viðskiptavinir geta ekki krafist 365 um bætur vegna þess.
15. Stofngjöld og annar kostnaður vegna skráningar eru í samræmi við verðskrá 365 á vefsíðu félagsins, www.365.is. Greiðslufyrirkomulag á þjónustunni getur verið frábrugðið eftir því hvor þjónustuleiðin, Áskrift eða Frelsi sé valin. Þó er hægt að skrá kreditkort sem greiðsluleið fyrir notkun á bæði Frelsi og Áskrift sem er bæði einfaldasta og ódýrasta greiðslufyrirkomulagið.
16. Það er á ábyrgð viðskiptavina að greiða fyrir notkun innan þess tímaramma sem 365 gefur viðskiptavinum sínum. Ef notkun hefur staðið ógreidd umfram þennan tímaramma og nemur 2.000 kr. eða meira er 365 heimilt að loka fyrir út- og innhringingar. 365 er heimilt að innheimta gjald fyrir lokun þjónustunnar og afhenda málið til innheimtufyrirtækis ef þurfa þykir. 365 getur synjað viðskiptavini um frekari þjónustu vegna vanskila.
17. Báðir aðilar geta sagt upp þjónustusamningi með minnst eins mánaðar fyrirvara nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögnin vera skrifleg. Uppsögn miðast við upphaf nýs reikningstímabils, þann 1. næsta mánaðar. Viðskiptavinur verður að greiða öll gjöld vegna notkunar á þjónustunni til þess dags er uppsögnin tekur gildi. Við uppsögn fær viðskiptavinur ekki endurgreiddar hugsanlegar fyrirframgreiðslur. Óski viðskiptavinnur eftir númeraflutningi frá 365 til annars þjónustuveitanda verður að gæta þess að ekki sé skuld á símanúmerinu.
18. Ef viðskiptavinur segir upp bundnum samningi áður en samningstíma lýkur áskilur 365 sér rétt til að krefja réttthafa um þau mánaðargjöld sem ógreidd eru af samningstímanum auk riftunargjalds.
19. Sérstök tilboð í GSM þjónustu geta verið í gildi á hverjum tíma fyrir sig og eru ávallt kynnt ásamt gildistíma tilboðs í GSM á vefsíðu 365, [w ww.365.is](http://www.365.is).
20. Ef viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur skilyrði varðandi tilboðspakka tekur við almennt verð á þjónustunni.
21. GSM áskrift gildir í alla íslenska farsíma eða heimasíma þar sem notandinn velur númerið handvirkt og er staddur á Íslandi. Mínútur, SMS og gagnamagn gilda ekki þegar ferðast er til útlanda. Sé viðskiptavinur staddur erlendis gildir verðskrá 365 fyrir reikisímtöl.

22. Fyrir símtöl sem enda í þjónustunúmerum greiðir viðskiptavinur í samræmi við viðeigandi verðskrá. Slík þjónustunúmer eru m.a. 118, 1811, 1818, 1819, 1444, símanúmer sem hefjast á 800, 900, auk annarra þjónustunúmera.
23. Fjöldi GSM áskrifta í tilboðspökkum á 0 kr. er háður hverjum tilboðspakka fyrir sig. Innifalið með Risapakkanum eru allt að 8 farsímar á 0 kr. Innifalið með Stórapakkanum eru allt að 6 farsímar á 0 kr. Innifalið í Skemmtipakkanum, Enskapakkanum, Sportpakkanum, Fjólvarpi Veröld og Golfstöðinni eru allt að 4 farsímar á 0 kr. Allir áskriftarmeðlimir þurfa að vera með sama lögheimili og sami greiðandi þarf að vera á öllum áskriftarleiðunum.
24. Sérákvæði gilda um frelsi. Fylla þarf á inneignina að minnsta kosti einu sinni yfir 6 mánaða tímabil svo númerið glatist ekki. Verði ekki fyllt á númerið í 6 mánuði jafngildir það uppsögn og númerinu verður lokað. Þegar lokunarferli lýkur eyðist númerið sjálfkrafa og verður óafturkræft. Forsenda þjónustunnar er að greitt sé fyrir hana með kreditkorti eða í gegnum heimabanka.
25. 365 hefur heimild til þess að krefjast tryggingu fyrir greiðslum með kreditkorti vegna notkunar erlendis. Ef ekki er innistæða fyrir notkun og /eða skuldin hefur ekki verið greidd innan 14 daga er hún skuldfærð á kreditkort viðskiptavinar eða rafrænn reikningur sendur í heimabanka viðskiptavinar.
26. Upphæðir sem viðskiptavin ber að greiða skv. samningi eru gjaldfærðar á reikning viðskiptavinar. Viðskiptavin ber skylda til þess að tryggja að ávallt sé reglulega greitt inná frelsisreikninginn og að staða hans sé jákvæð. Ef staðan fer niður fyrir 0 kr. er ekki hægt að nota símann og það er á ábyrgð viðskiptavinar. 365 ábyrgist ekki notkun ef staðan er neikvæð á reikningnum.
27. Hægt er að óska eftir sjálfvirkri áfyllingu í frelsi þannig að föst fjárhæð sé sjálfkrafa skuldfærð af kreditkorti viðskiptavinar á persónulegan reikning hans þegar inneignin fer niður fyrir 500 kr. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að kreditkortid sé gilt. Ýtrasta öryggis er gætt og eru allar upplýsingar um kreditkort viðskiptavinar geymdar með dulkóðuðum hætti.
28. Þak á gagnanotkun (GPRS) innan EES. 10.000 kr. þak nær yfir þá viðskiptavini 365 sem ferðast erlendis innan evrópska efnahagssvæðissins og nýta gagnamagn í gegnum farsíma. Gjaldfærslugögn frá erlendum samstarfsaðilum 365 geta í einhverjum tilfellum tekið langan tíma að berast og því getur 365 ekki ábyrgst að notkun fari ekki yfir 10.000 krónur.
29. Brot á ofangreindum skilmálum getur valdið tafarlausri lokun á þjónustu.

VII. 3G netþjónusta í síma og netlykla

1. Eftirfarandi skilmálar gilda um internetþjónustu um farsímakerfi 365 og gilda fyrir hvern og einn réttthafa, eða eftir atvikum, notanda þjónustunnar. Skilmálarnir gilda að því leyti sem ekki er kveðið sérstaklega á um í samningi milli 365 og viðskiptavinar. Almennir skilmálar 365 um fjarskiptaþjónustu gilda einnig þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Ef ákvæði þessara skilmála og almennra skilmála 365 um fjarskiptaþjónustu standast á skulu þessir skilmálar gilda.
2. 365 veitir aðgang að netþjónustu sinni yfir farsímanet til notanda. 365 leggur áherslu á að uppfylla væntingar notanda til þjónustunnar, tryggja gæði hennar og stöðugleika.
3. 365 ábyrgist ekki að hraði nettengingar sé alltaf sá sami og áskriftin segir til um. Hraði tengingar er meðal annars háður fjölda senda, staðsetningu þeirra og afkastagetu.
4. 365 ber ekki ábyrgð á því ef samband rofnar um stund en mun leitast við að koma sambandi á að nýju um leið og hægt er.
5. 365 ber enga ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á þjónustunni eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri netþjónustunnar, af hvaða völdum sem er. 365 ber ekki ábyrgð á tjóni sem þriðji aðili veldur.
6. Gjald fyrir aðgang að netþjónustu um farsímanet fer eftir verðskrá 365 og upplýsingar um hana eru birtar á vefsíðu 365, www.365.is.
7. Allt gagnamagn í áskriftarleiddum er mælt um netþjónustu og um farsímanet 365. Þetta þýðir að bæði gagnamagn á innlendum og erlendum gögnum er mælt, hvort sem það stafar af upp- eða niðurhali. Fari gagnamagn umfram þau mörk sem felast í áskriftarleidd notanda er gjaldfært fyrir þá notkun sérstaklega skv. verðskrá 365.
8. 365 áskilur sér rétt til að krefjast sérstakra fjártrygginga áður en stofnað er til reikningsviðskipta. Réttthafi netþjónustunnar um farsímanet ber fulla ábyrgð á allri notkun henni tengdri og annarri þjónustu sem veitt er í tengslum við hana.

VIII Sjónvarpsþjónusta 365

1. Skilmálar þessir gilda um Sjónvarp 365.
2. Skilmálarnir gilda að því leyti sem ekki er kveðið öðruvísi á um í samningum 365 og viðskiptavinar. Almennir skilmálar 365 um fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. greiðsluskilmálar 365, uppsagnarskilmálar 365 og verðskrá 365, gilda einnig þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Stangist ákvæði þeirra og ákvæði þessara skilmála á, skulu ákvæði þessara skilmála ganga framár.
3. Sjónvarpsþjónusta 365 er útveguð í gegnum kerfi Símans. Skilmálar þessir ná til hvers og eins viðskiptavinar 365 sem óskað hefur eftir aðgangi að Sjónvarpi 365 (hér eftir nefndur viðskiptavinur). Skilmálar þessir gilda frá og með 1. apríl 2015.

- Sjónvarp 365 er aðgengileg viðskiptavinum 365 í DSL-þjónustu og Ljósneti, á svæðum þar sem því verður við komið. Aðgangur að Sjónvarpi 365 gerir viðskiptavini kleift að nálgast sjónvarpsefni sem efnisveitur bjóða. Sjónvarp 365 er á kerfum sjónvarpsþjónustu Símans sem sendir sjónvarpsmerki um gagnatengingar og veitir viðskiptavinum aðgang að henni í símainntökum. Framboð efnis er háð svæðum og samningum við efnisveitur.
- 365 ábyrgist gæði myndmerkisins í símainntaki hússins. 365 ábyrgist rétta virkni áskriftarbúnaðar. Notandi skal þó á sinn kostnað koma áskriftarbúnaði sem þarfnast viðgerðar til næstu þjónustumiðstöðvar 365. Notanda skal þá fenginn annar áskriftarbúnaður í stað þess bilaða, meðan á viðgerð stendur.
- Innanhússlagnir eru í höndum húseigenda og á ábyrgð þeirra. 365 ábyrgist því ekki gæði myndmerkisins við sjónvarp eða þjónustuna að öðru leyti en greinir hér að ofan. 365 ábyrgist ekki að notandi hafi alltaf jafnan aðgang að sjónvarpsþjónustu 365. Ófyrirsjáanlegir atburðir geta leitt til þess að notandi missi aðgang að þjónustunni. 365 ber ekki ábyrgð á því þótt samband rofni um stund en mun þó leitast við að koma sambandi á að nýju án ástæðulauss dráttar. 365 ber ekki ábyrgð á því verði rof á tengingu vegna skemmdarverka eða línurofs í híbýlum viðskiptavinar eða hjá þriðja aðila á lögnum.
- 365 ábyrgist ekki gæði sjónvarpstengingar brjóti viðskiptavinur gegn ákvæðum þessara skilmála á einn eða annan hátt. Sjónvarpsefni er veitt af þriðja aðila, efnisveitu. Sjónvarpsefni er því alfarið í nafni og á ábyrgð efnisveitu. 365 ber ekki ábyrgð á innihaldi og útsendingu sjónvarpsefnis.
- Viðskiptavini er einungis heimilt að tengja við kerfi 365 myndlykil og/eða annan endabúnað sem er í eigu 365 og sérstaklega gerður til notkunar á Sjónvarpi 365.
- 365 afhendir viðskiptavini áskriftarbúnað sem samanstendur af myndlykli, aðgangskorti, fjarstýringu og tengisnúrum gegn greiðslu samkvæmt verðskrá hverju sinni.
- Áskriftarbúnaðurinn er eign 365 en viðskiptavinur greiðir fyrir afnot búnaðarins samkvæmt gjaldskrá 365. 365 getur án fyrirvara krafist viðskiptavin um áskriftarbúnað til skoðunar, enda fái viðskiptavinur annan samsvarandi búnað á meðan skoðun stendur.
- Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllu tjóni á þeim búnaði sem 365 lætur honum í té. Viðskiptavinur skal greiða allan kostnað vegna viðgerða á búnaði sem stafar af rangri eða slæmri meðferð á honum, í samræmi við reikning 365. Eyðileggist eða glatist áskriftarbúnaður í vörslum viðskiptavinar ber honum að greiða 365 kostnaðarverð nýs búnaðar eins og það er á hverjum tíma. Greiðsla vegna ónýts eða glataðs búnaðar rýrir ekki eignarrétt 365 að búnaðinum. Viðskiptavini er óheimilt að taka áskriftarbúnaðinn í sundur eða stuðla að nokkrum breytingum á hugbúnaði sem honum tilheyrir.
- Áskriftarbúnaðurinn er einungis ætlaður viðskiptavini. Honum er óheimilt að leyfa öðrum afnot af honum með því að leigja hann, selja eða láta af hendi með öðrum hætti. Notkun á áskriftarbúnaði utan heimilis viðskiptavinar er óheimil. 365 ábyrgist ekki að búnaður virki annars staðar en á upphaflegu heimili viðskiptavinar, t.d. eftir búferlaflutninga.
- Aukamyndlykla má aðeins nota á sama heimili og aðalmyndlykil. Sé aukamyndlykill notaður utan heimilis má innheimta fullt áskriftargjald fyrir hann frá upphafi skráningar. Á meðan myndlykill er í vörslum viðskiptavinar ber honum að hlíta skilmálum efnisveitna, skilmálum Sjónvarps 365 og standa í skilum með greiðslur samkvæmt verðskrá 365 hverju sinni.
- Við uppsögn á Sjónvarpi 365 ber viðskiptavini að skila áskriftarbúnaði. Á meðan viðskiptavinur hefur áskriftarbúnað undir höndum greiðir hann að lágmarki fyrir grunnáskrift þjónustunnar samkvæmt verðskrá hverju sinni, hvort sem myndlykillinn er nýttur til sjónvarpsmóttöku eða ekki.
- Brjóti viðskiptavinur gegn skilmálum þessum er 365 heimilt að stöðva útsendingu til hans án fyrirvara og krefjast tafarlausa skila á áskriftarbúnaðinum og eftir atvikum greiðslu skaðabóta.

IX Ábyrgðarskilmálar vegna vörukaupa

- Framvísa þarf reikningi og hafa í höndum upprunalegar umbúðir og alla fylgihluti þegar komið er með bilaða/gallaða vöru og þegar óskað er eftir að fá vöru skipt.
- Tveggja ára ábyrgð frá kaupdegi gildir um vöruna sem skráð er á ábyrgðarskírteini, með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru hér að neðan.
- Ábyrgð gildir í eitt ár sé varan seld til fyrirtækja.
- Ábyrgðin veitir ekki rétt til að krefjast nýrrar vöru í stað þeirrar biluðu.
- Ef vara er bætt verða bætur aldrei hærrí en sem nemur verðmæti vörunnar sem keypt var m.v. kaupdag á ábyrgðarskírteini.
- Tveggja ára ábyrgð gildir ekki við kaup á rafhlöðum í síma og þeim vörum sem eðli málsins samkvæmt hafa skamman endingartíma. Eins árs ábyrgð frá kaupdegi gildir þó fyrir rafhlöður í síma og hálfis árs ábyrgð fyrir rafhlöður í þráðlausa síma.
- Ábyrgðin tekur aðeins til verksmiðjugalla sem sannanlega koma fram í vörunni á ábyrgðartímanum.

- Ábyrgðin felur ekki í sér rétt kaupanda til þess að fá endurgreiddan viðgerðarkostnað sem stafar af rangri notkun eða slæmri meðferð, raka- eða höggskemmdum, rangri uppsetningu, slægu viðhaldi, slysi eða óhöppum, náttúruhamförum, truflunum á rafkerfi hússins eða hverfisins o.s.frv.
- Seljandi ber ekki ábyrgð á uppfærslu á hugbúnaði nema bilunin stafi af vandamálum tengdum hugbúnaðinum.
- Seljandi ber ekki ábyrgð á þeim gögnum sem kunna að vera vistuð í búnaðinum.
- Seljandi ber eingöngu ábyrgð á beinu tjóni kaupanda sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af galla á vörunni.
- Bótaskylda seljanda nær ekki til óbeins tjóns, þ.m.t. rekstrartaps eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila.
- Ef varan er send til verkstæðis skal kaupandi nota góðar umbúðir. Einnig skal kaupandi tryggja vöruna gegn flutningsskemmdum ef unnt er. Kaupandi ber ábyrgð á vörunni frá því hún er send og þar til seljandi hefur móttengið hana, þ.m.t. skemmdum, hvarfi vörunnar eða eyðileggingar hennar.
- Tilvist galla skal tilkynna strax og hans verður vart. Hafi verið átt við vöruna af aðilum sem ekki starfa á vegum seljanda fellur ábyrgð hans úr gildi. 365 ber enga ábyrgð á minnskortum símtækja. Skulu þau því ekki fylgja með símtækjum sem fara í viðgerð.
- Kaupandi vöru hefur samkvæmt [9.gr laga nr.46/2000](#) 14 daga skilarétt frá því að afhending vöru hefur átt sér stað.

Áskriftarskilmálar fyrir GLAMOUR tímarit 365 MIÐLA EHF

Vinsamlegast kynntu þér vel eftirfarandi áskriftarskilmála fyrir GLAMOUR tímarit. Sú vitneskja fyrirbyggir misskilning og stuðlar að greiðum og góðum samskiptum í framtíðinni. Hikaðu ekki við að hringja í síma 1817 ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi áskrift þína. Við veitum þér fúslega allar nánari upplýsingar.

- Tímaritið er gefið út einu sinni í mánuði.
- Áskriftargjald hvers mánaðar ber að greiða fyrirfram í samræmi við verðskrá 365 miðla ehf. hverju sinni. Gjalddagi er fyrsti dagur hvers mánaðar.
- Áskriftarsamningur framlengist sjálfkrafa um einn mánuð í senn. Tilkynna þarf uppsögn í síma 1817 eða með tölvupósti á netfangið askrift@365.is. Uppsögn ber að tilkynna fyrir 1. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi frá og með næstu mánaðamótum frá móttöku. Tímabundnir áskriftarsamningar eru óuppsegjanlegir.
- Gera skal athugasemdir við útgefna reikninga án tafar og eigi síðar en 5. hvers mánaðar, ella telst reikningur og/eða greiðsluseðill samþykktur.
- Ef viðskiptavinur óskar eftir því að reikningur sé skuldfærður beint á greiðslukort er ekki gefinn út greiðsluseðill og 365 sendir kröfu rafrænt í heimabanka viðskiptavinar í samræmi við verðskrá 365 hverju sinni. Óski viðskiptavinar eftir því að fá sendan greiðsluseðil skal hann fara fram á það með skýrum hætti og velja hvort óskað sé eftir rafrænum eða bréflægum greiðsluseðli. Hafa ber í huga að í þeim tilvikum er innheimt lágmarks seðilgjald. Í beingreiðslum er gert samkomulag við fjármálafyrirtæki en ekki 365. Í boðgreiðslum er áskriftargjald tekið mánaðarlega út af kreditkortu sem er gefið upp við áskriftina. Vakin er athygli á því að 365 ber enga ábyrgð á samkomulagi viðskiptavinar við fjármálafyrirtæki.
- 365 áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum þessum og verðskrá. Allar breytingar verða tilkynntar með skýrum hætti með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara á heimasíðu 365. Tilkynnt skal í hverju breytingarnar felast og eftir atvikum um rétt viðskiptavinar til að segja upp áskriftarsamningi.
- Ágreiningsmál vegna þessara skilmála skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.